Hagstofa Íslands

FUNDARGERÐ

Titill:	**Notendahópur um þjóðhagsreikninga**
Fundarstaður og -tími:	Borgartún 21a, 6.1.2005
Fulltrúar Hagstofu Íslands:	Auður Svavarsdóttir, Gamalíel Sveinsson, Hallgrímur Snorrason, Hlynur Hreinsson, Stefán Þór Jansen
Aðrir fundarmenn:	Benedikt Valsson - Fjármálaráðuneytinu, Björn Rúnar Guðmundsson - Landsbanka Íslands, Gylfi Arnbjörnsson - ASÍ, Hannes G. Sigurðsson - SA, Katrín Ólafsdóttir - Háskólanum í Reykjavík, Lúðvík Elíasson - Seðlabanka Íslands, Ólafur Darri Andrason - ASÍ, Þórólfur Matthíasson - Háskóla Íslands

---

Helstu atriði:

Ánægja var með stofnun þessa hóps og talið að hann gagnaðist bæði notendum og Hagstofunni. Hagkerfið hefði tekið miklum breytingum á undanförnum árum og þörfin á upplýsingum aukist og e.t.v. þyrfti að huga að forgangsröðun verkefna (fulltrúar vinnumarkaðarins nefndu þar framleiðnimælingar vegna mats á kjarasamningum).

Ábendingar komu fram um að framsetningu og aðgengi efnis mætti bæta og nokkrir söknuðu vefs Þjóðhagsstofnunar. Einnig voru ábendingar um að of fáir aukastafir væru í gögnunum á vefnum.

Skiptar skoðanir voru um mikilvægi tímaraða. Nokkrir töldu að svo miklar breytingar hefðu átt sér stað í þjóðfélaginu að fyrirvara yrði að hafa á löngum tímaröðum og frekar ætti að leggja áherslu á víðari gögn en samfelldar tímaraðir. Aðrir fundarmenn voru þessu ósammála og bentu á að etv. mætti forgangsraða vinnu við gerð tímaraða eftir mikilvægi þeirra.

Lýst var áhyggjum af því að framleiðsluuppgjörið birtist svo seint að ráðstöfunaruppgjörið stjórni allri umræðunni um efnahagsmál í þjóðfélaginu og því væri mikilvægt að framleiðsluuppgjörið væri tilbúið fyrr en nú er. Ánægja var með að stefnt væri að því að uppgjörið yrði tilbúið 15 mánuðum eftir að árinu lyki en töldu þó æskilegt að það væri tilbúið enn fyrr og jafnvel að farið yrði að gera ársfjórðungslegt framleiðsluuppgjör.

Ábendingar komu fram um að bæta mætti aðferðalýsingar. Bent var á að hafa mætti stuttar lýsingar um afmörkuð svið á vefnum og einnig kom sú hugmynd fram að halda mætti málstofu um einstök verkefni þar sem Hagstofan gæti þá fengið álit utanaðkomandi aðila á þeim aðferðum sem hún beitir. Bent var á meðferð lífeyrisskuldbindinga sem dæmi um efni sem hægt væri að taka fyrir.

Næsti fundur var ákveðinn 20. janúar og verður þá aðallega fjallað um aðgengi og framsetningu efnis.